

## AUGLÝSING

### um þóknun til skólastjóra vegna tví- eða þrískipunar í skólum.

Samkvæmt dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965, 14. gr., ákveður menntamálaráðuneytið í samráði við fjármálaráðuneytið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sérstaka þóknun þeim skólastjórum, sem hafa á hendi stjórn í tví- eða þrískipuðum skólum.

Fer hér á eftir samkomulag, sem fulltrúar aðila hafa orðið ásáttir um:

**Samkomulag milli menntamálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þóknun til skólastjóra fyrir tví- og þrískipningu í barna- og gagnfræðaskólum.**

#### 1. gr.

Einsettelst í skóla, þegar allar deildir skólans rúmast í skólahúsnæðinu á tímanum 8—15 hvern dag, nema á laugardögum 8—12. Fari kennsla fram í venju- legum matmálstíma, nær einsetningartíminn því skemmra fram á daginn (8—14). Nú hefst kennsla á öðrum tíma dags, og skal þá miða einsetningartíma við 34 vikustundir.

#### 2. gr.

Þóknun greiðist sem hundraðshluti af árslaunum viðkomandi skólastjóra sem hér segir:

Lágmark tví- og þrískipningartíma, sem gjaldskyldur er, er 3 stundir á viku. Fyrir það greiðast 3%. Síðan greiðist 1% fyrir hverja vikustund tví- og þrískipningartíma að 20 stundum.

Fyrir hverja vikustund þar eftir greiðast 2%, unz þóknun hefur náð 25%, sem er hámark þóknunar.

#### 3. gr.

Nú er tala bekkjardeilda umfram tölu skólastofa fyrir almenna kennslu í skól- anum 10 eða hærri í gagnfræðaskóla og 16 eða hærri í barnaskóla, þá hækkar þóknun um 8% af föstum árslaunum. Sé tala bekkjardeilda 5—9 í gagnfræðaskóla og 9—15 í barnaskóla, hækkar þóknunin um 4% af föstum árslaunum, en getur þó af þessum orsökum aldrei farið yfir 25%. Lágmarksþóknun (3%) skal greiða, þótt kennslu sé lokið innan framangreindra tímatakmarka, sbr. 1. gr., ef tala bekkjar- deilda umfram tölu almennra kennslustofa er 4 hið lægsta í gagnfræðaskóla og 8 hið lægsta í barnaskóla.

Almenn kennsla er skýrgreind svo, að hún nái yfir allar greinir á stundaskrá, nema leikfimi og matreiðslu.

#### 4. gr.

Taki skólastjóri laun fyrir fasta aukakennslu á sama tíma, teljast þær stundir til frádráttar á vikulegum tvísetningartíma, stund á móti stund við útreikning á þóknun. Óreglulegan stundafjöldi (forfallakennslu), sem skólastjóri tekur laun fyrir, skal leggja saman í lok hvers kennslumisseris (sept./des. og jan./maí) og deila í þá tölu með vikufjölda kennslumisseris. Kemur þá út hinn rétti frádráttur á tvísetningartíma hvort misseri.

## 5. gr.

Fjármálaeftirlitsmaður skóla reiknar út árlega fasta þóknun hvers skólastjóra samkvæmt framangreindum reglum. Skal því lokið fyrir 10. nóvember, enda hafi skólastjórar og/eða fræðsluráð sent fjármálaeftirlitsmanni nauðsynlegar skýrslur fyrir 20. október, að viðlagðri sviptingu þóknunar.

Gæta skal þess við samningu stundaskrár, að tví- og þrískipting verði sem minnst.

Verði misbrestur á þessu, getur ráðuneytið lækkað þóknun af þeim sökum, að fengnum tillögum fjármálaeftirlitsmanns, enda geri hann athugasemd um það til viðkomandi skólastjóra og/eða fræðsluráðs.

## 6. gr.

Nú verður þóknun skólastjóra lægri samkvæmt þessum reglum en verið hefði samkv. rg. 92/1956, og á hann þá rétt á þóknun samkv. þeirri reglugerð, meðan hann gegnir núverandi skólastjórustöðu.

## 7. gr.

Greiðsla þóknunar fari fram tvisvar á ári, fyrir jól og fyrir maílok.

## 8. gr.

Gildistími samkomulags þessa rennur út um leið og gildandi kjarasamningar starfsmanna ríkisins eða kjaradómur, og framlengist sjálfkrafa á ný um sama tímabil, ef hvorugur aðila hefur sagt samkomulaginu upp með 6 mánaða fyrirvara, en þó falli það sjálfkrafa úr gildi, ef ákvæði kjaradóms eða samninga mæla öðruvísi fyrir en samkomulagið.

Reykjavík, 12. apríl 1967.

F. h. menntamálaráðuneytisins:

Birgir Thorlacius.      Árni Gunnarsson.      Runólfur Þórarinnsson.

F. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:

Hjörtur Kristmundsson.      Oddur A. Sigurjónsson.      Ólafur Björnsson.

F. h. fjármálaráðuneytisins:

Jón E. Þorláksson.

Verður þóknun til skólastjóra, sem hafa á hendi stjórn í tví- eða þrískiptuðum skólum, í samræmi við framanskráð frá og með skólaárinu 1966--1967, unz öðruvísi kann að verða ákveðið.

*Í menntamálaráðuneytinu, 12. apríl 1967.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*